

Fundur stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn 10. janúar 2014 kl 9.00. Fundurinn er fjarfundur haldinn með aðstoð forrits Microsoft Lync. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Auk þeirra sátu fundinn starfsmenn FV, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri (sem einnig ritaði fundargerð), Díana Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi, Jón Jónsson, menningarfulltrúi og Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri.

Formaður setti fundinn og kynnti að hér væri gerð tilraun með fundarform, þar sem allir fundarmenn sætu í raun jafnt við fundarborðið. Hver og einn fundarmanna væri á fundinum í gegnum tölvu og öll fundargögn lægju frammi á sameiginlegu vefsvæði. Fundurinn færi því fram á 9 stöðum í einu þ.e. á Ísafirði, í Súðavík, á Hólmavík, á Svarfhóli í Reykhólahreppi og á Bíldudal.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 22. nóvember 2013

Fundargerð stjórnarfundar 22. nóvember 2013 lögð fram til staðfestingar. Fundargerð hafði áður verið staðfest með tölvupósti og hefur þegar send sveitarfélögum og öðrum aðilum.

2. Endurnýjun menningarsamninga

Formaður kynnti að mennta og menningarmálaráðuneyti hafi hafið undirbúning að endurnýjun menningarsamninga fyrir árin 2014-2016, boðað var til fundar í ráðuneytinu með landshlutasamtökum sveitarfélaga þann 13. desember s.l.. Á fundinum var kynntur fjárhagsrammi samnings og reikniregla um skiptingu fjármagns á landshluta. Einnig kynnt að drög að samningi yrðu send út eftir fundinn en þau hafa ekki borist enn. Gefin er frestur til að skila athugasemdum til 16. janúar n.k..

Lögð fram sameiginleg ályktun menningarfulltrúa, dags. 6. janúar 2014, varðandi endurnýjun menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga. Formaður gaf Jóni Jónssyni orðið til að kynna efni ályktunar menningarfulltrúa.

Rætt um efni ályktunarinnar og samþykkt að fela formanni, menningarfulltrúa og framkvæmdastjóra og formanni Menningaráðs að móta svar FV til mennta og menningarmálaráðuneytis, á grundvelli umræðu á fundinum.

3. Markaðsstofa Vestfjarða

a. Fundargerð ráðgjafaráðs MV 13. desember 2013

Formaður benti á að ráðgjafaráð samþykkir tillögu stjórnar FV frá 22. nóvember s.l. um að Díana Jóhannsdóttir verði fastráðin í starf markaðsfulltrúa.

Formaður benti á að ráðgjafaráð gerði tillögu um árgjald til Markaðsstofu, tillöguna yrði að staðfesta að hálfu stjórnar. Markaðsfulltrúi kynnti að tillaga byggði á að gera skuldbindandi samning milli ferðaþjóna og MV um ákveðna þjónustu

gegn greiðslu árgjalds. Árgjald miðaðist við þjónustueiningu. Formaður bar upp tillögu um árgjald Markaðsstofu fyrir árið 2014. Tillagan samþykkt.

b. Fjárhagsáætlun 2014

Tillaga að fjárhagsáætlun MV fyrir árið 2014 var afgreidd á fundi ráðgjafaráðs 13. desember og er nú lögð fram til umræðu í stjórn FV. Um er að ræða ráðstöfun fjármagns til markaðsaðgerða alls 7,6 mkr á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar FV af 58. Fj.þingi.

Rætt um efni tillögunnar, formaður gerir tillögu um að fjárhagsáætlun verði samþykkt. Tillagan samþykkt.

c. Markaðsátak fyrir Vestfirði.

Markaðsfulltrúi fór yfir stöðu málsins. Erindi var sent út um miðjan nóvember og verkefnið var kynnt á samráðsfundi með sveitarfélögunum þann 11. desember s.l., auk þess sem verkefnið verið kynnt í sveitarstjórnnum eftir því sem óskað hefur verið eftir. Borist hafa jákvæð svör frá öllum sveitarfélögum um þátttöku í verkefninu en beðið er formlegar afgreiðslu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Í framhaldinu verður verkefninu hrint af stað.

4. Drög að starfsáætlun jan – sept 2014

Framkvæmdastjóri kynnti drög að starfsáætlun og stöðu verkefna á grunni samþykpta 58. Fj.þingi og óskaði umræðu um einstök verkefni. Stjórn óskar eftir nánari útfærslu á hvernig staðið verði að vinnu við tengslum við endurskoðun þingsályktunar um samgönguáætlun 2013-2016 og að fjallað verði nánar um umhverfissvottun sveitarfélaga. Starfsáætlun verði afgreidd á næsta stjórnarfund.

5. Skipuriti Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýju skipuriti Fjórðungssambands Vestfirðinga á grundvelli nýrra samþykpta sem tóku gildi þann 1. janúar 2014. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka gerð skipurits og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

6. Umsagnir til Alþingis

a. Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, þingmál 215.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að umsögn FV á grundvelli umfjöllunar verkefnastjóra byggðaþróunar og kynnti drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt að veita umsögn á grundvelli framlagðra gagna.

7. Önnur mál

a. Samgöngumál.

Formaður óskaði eftir umræðu um samgöngumál á grundvelli umræðu um starfsáætlun. Annað árið í ganga hörð vetrarveður yfir Vestfirði um jól og áramót sem einangra stóra hluta Vestfjarða og er áminning um að staðið verði við forgangsröðun samgönguverkefna í samgönguáætlunum frá Alþingi. Taka verði einnig til umfjöllunar ný samgönguverkefni í langtíma samgönguáætlun. Framkvæmdastjóra falið að útfæra kynningarátak í þessum eignum og leita samstarfs við atvinnulíf. Einnig verði óskað eftir fundi með vegamálastjóra í samstarfi við samgöngunefnd FV.

Friðbjörg lagði til að öryggismál yrðu einnig rædd í þessu samhengi og lagði til að rætt verði við almannavarnarnefndir á Vestfjörðum um samstarf í þessu máli og boðað yrði til sameiginlegs fundar með innanríkisráðuneyti. Tillagan samþykkt.

b. Um stöðu opinberrar þjónustu.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir umræðu um stöðu opinberra þjónustu. Vonbrigði væru með niðurstöðu fjárlaga ársins 2014 og þeim samdrætti sem er staðreynd í stuðningsumhverfi nýsköpunar, byggðaðróunar og menningar á Íslandi, væri samdrátturinn um 20 % eða um 900 mkr. Bein áhrif á Vestfjörðum á árinu 2014 mætti áætla um 70 mkr og kemur það til viðbótar um 35 mkr tapi á verkefnafé sem áætlað að kæmi með IPA verkefnastuðningi á árinu 2014.

Í umræðu kom fram að gæta verði að fleiri atriðum er varðandi núverandi starfsemi hins opinbera, breytingar væru boðaðar í starfsemi sýslumanna og þjóðkirkjunnar og í undirbúningi væru breytingar í stjórnsýslu fiskeldismála.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað á grundvelli umræðu á fundinum.

c. Kynningarbréf North Atlantic Salmon Fund á skýrslu sjóðsins. „Veldur hver á heldur. Tækifæri í ferðaþjónustu á Vestfjörðum“.

Lagt fram til kynningar. Rætt um viðbrögð við skýrslunni að hálfu FV. Kynnt að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vinnur að grein um efni skýrslunnar.

Framkvæmdastjóra og verkefnastjóra falið að vinna grein sem fjalli um verkefni FV um skipulag strandsvæða og umhverfisvottun.

d. Boð um þátttöku í faghópi í tengslum við gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Framkvæmdastjóri kynnti boð Skipulagsstofnunar um að framkvæmastjóri verði aðili að faghópi um skipulag haf og strandsvæða vegna undirbúnings landsskipulagsstefnu 2015-2026. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að þiggja boð Skipulagsstofnunar.

e. Yfirlit yfir aðsend erindi frá síðasta stjórnarfundum

02/12/2013	Ísafjarðarbær	334. fundur bæjarstjórnar frá 21. nóvember samþykkir tillögu bæjarráðs sem hljóðar svo: Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar verði samþykkt.
02/12/2013	Bæjarráð	Bókun frá 820. fundi ráðsins 2.des. um sameiginlegt markaðsátak fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum; Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að Ísafjarðarbær taki þátt í verkefninu, með þeim skilyrðum að fá fulltrúa í stýrihóp verkefnisins. Jafnframt leggur bæjarráð áherslu á að íbúar, fyrirtæki og beinir hagsmunaaðilar í sveitarfélögunum komi með í verkefnið. Þá telur bæjarráð enn fremur að skilyrði sé, áður en lengra er haldið með verkefnið, að fyrir liggi markhópagreining og tillögur að árangursmælingum.“
05/12/2013	Samband íslenskra sveitarfélaga	Ályktanir Sveitarstjórnarvettvangs EFTA um endurskoðun evrópskra reglna um úrgangsmál og tilskipunar um endurnýtingu opinberra upplýsinga.

12/12/2013	Náttúrustofa Vestfjarða	Fundargerðir 85.,86. og 87. funda NAVE haldnir 31. okt., 25.nóv. og 28.nóv. 2013
13/12/2013	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Fundargerð heilbrigðisnefndar 13. desember 2013
18/12/2013	Innanríkisráðuneytið	Erindi FV dags. 10. desember 2013 "tengja saman fólk og byggðir" og ályktun um Gjögurflug, var vísað til Vegagerðarinnar og vinnu við endurskoðun samgönguáætlunar til frekari umfjöllunar.

f. Yfirlit um erindi frá FV frá síðasta stjórnarfundum

28/11/2013	Heilbrigðisráðuneytið Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra	Ályktun stjórnar FV um fyrirhugaða sameiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði
06/12/2013	Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð	Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga sem taka gildi 1. janúar 2014. Samþykkt á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga
06/12/2013	Landshlutasamtök sveitarfélaga, SSS,SSV, Eyþing, SSA,SSH,SSNV,SASS	Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga sem taka gildi 1. janúar 2014. Samþykkt á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga
06/12/2013	Samband íslenskra sveitarfélaga	Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga sem taka gildi 1. janúar 2014. Samþykkt á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga
06/12/2013	Innanríkisráðuneytið Skrifstofa mannréttinda og sveitarfélaga c.c. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga sem taka gildi 1. janúar 2014. Samþykkt á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga
10/12/2013	Iðnaðar- og viðskiptaráðherra Ragnheiður Elín Árnadóttir	Efni og ályktanir 58. Fjórðungspings Vestf. Ályktanir 58. Fjórðungspings Vestfirðinga
10/12/2013	Félags- og húsnæðismálaráðherra Eygló Harðardóttir	Efni og ályktanir 58. Fjórðungspings Vestf. Ályktanir 58. Fjórðungspings Vestfirðinga
10/12/2013	Innanríkisráðherra Hanna Birna Kristjánsdóttir	Efni og ályktanir 58. Fjórðungspings Vestf. Ályktanir 58. Fjórðungspings Vestfirðinga Fastanefnd FV um samgöngumál – Skýrsla samgöngunefndar
10/12/2013	Mennta-og menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson	Efni og ályktanir 58. Fjórðungspings Vestf. Ályktanir 58. Fjórðungspings Vestfirðinga
10/12/2013	Umhverfis-og auðlindamálaráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson	Efni og ályktanir 58. Fjórðungspings Vestf. Ályktanir 58. Fjórðungspings Vestfirðinga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.15

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.